

**Nr. 005 / 14 Selfoss****Skipverji slasast við landfestar**

IMO.nr. 8914556  
Smíðaður: Danmörku 1991, stál  
Stærð: 7.676 BT 8.609 DW  
Mesta lengd: 127 m  
Breidd: 20,5 m Dýpt: 7,5 m  
Vél: MaK 5.400 kW, 1991  
Fjöldi skipverja: 11



Selfoss©Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Slysaskýrsla frá skipi  
Ljósrit úr leiðarbók  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi þann 20. febrúar 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 5. desember 2013 var Selfoss að leggjast að bryggju til Immingham. Veður: SV 18 - 22 m/s.

Sökum veðurs gekk erfiðlega að koma skipinu að bryggju en tveimur skipverjum sem staddir voru fram á bakka tókst að koma spring í land. Þegar keyrt var í springinn slitnaði hann með þeim afleiðingum að hann slóst í fótlegg annars skipverjans sem bólgaði en hann hélt áfram störfum.

**Við rannsókn kom fram:**

- að slasaði sagði að þeir hafi leitað skjóls því þeir hafi séð í hvað stefndi sökum mikils vinds og þunga skipsins. Félagi hans hafði leitað skjóls bak við brimbrjótinn en hann sagðist hafa skýlt sér á bak við spilið af því hann hafi stjórnað því;
- að springurinn var 7-8'' svert „Atlantstóg“ úr snúnu næloni en slasaði sagði að hann hafi verið óskemmdur og ekki dreginn þegar hann slitnaði í klussinu.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.